

**Mál nr. 271/2017****M og  
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.****Orsakatengsl líkamstjóns og áreksturs 3. ágúst 2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 21.8.2017, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V, dags. 11.9.2017, ásamt úrskurði í máli nr. 345/2012.

Tölvupóstur lögmanns M dags. 12.9.2017.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins er því atviki lýst að árekstur hafi orðið með strætisvagninum X og bifreið sem M var farþegi í 3. ágúst 2016. Ekki virðist vera ágreiningur um að atvikið hafi átt sér stað og í gögnum málsins er mynd af brotnum hliðarspegli þeirrar bifreiðar sem M var farþegi í. Gögn málsins sýna einnig að M tilkynnti um líkamstjón til V með tjónstilkynningu dags. 9. september 2016 og læknisvottorð sýnir að M leitaði á heilsugæslustöð 18. ágúst 2016 og vísar þá til óþæginda sem hún telur tengjast árekstrinum 3. ágúst 2016. Einnig liggur fyrir skýrsla sjúkraþjálfara dags. 3. apríl 2017. M kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni í árekstrinum og vísar til læknisfræðilegra gagna máli sínu til stuðnings. M telur að hún eigi alla vega rétt á fá afleiðingar líkamstjónsins metnar, þó geti verið óljóst á þessum tímapunkti hversu miklar þær eru.

V telur ósannað að M hafi hlotið líkamsmeiðsli við áreksturinn og vísar til þess að ekki sé getið um slíkt á upphaflegri tjónstilkynningu vegna árekstursins, M hafi ekki leitað til læknis fyrr en 15 dögum eftir áreksturinn og að skemmdir á bifreið þeirri sem hún hafi verið í bendi ekki til þess að þungt högg hafi komið á hana við áreksturinn. V bendir á að sönnunarbyrði hvíli á M um að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni í umræddum árekstri og slík sönnun liggja ekki fyrir.

**Álit.**

Í gögnum málsins kemur skýrt fram að M leitaði ekki lækniáðstoðar vegna óþæginda sem hún tengir við árekstur 3. ágúst 2016, fyrr en 15 dögum eftir að sá árekstur átti sér stað. Í læknisfræðilegum gögnum koma fram lýsingar á almennum einkennum sem M tengir við áreksturinn sem og að hún hafi einnig leitað til læknis vegna slíkra einkenna í lok júní 2016, eða áður en áreksturinn varð. Verulegur vafi er því á því hvort óþægindi M tengist umræddum árekstri 3. ágúst 2016, en skv. almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar ber sá sem telur sig eiga rétt til skaðabóta sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði skaðabótaréttarins séu uppfyllt. Eitt af þeim er það að sýnt sé að tjónþoli hafi orðið fyrir tjóni. Gögn þessa máls bera það ekki skýrlega með sér og verður því ekki fallist á greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 17. október 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.